



28. apríl 2021
Tilv.: 2104086

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, 151. löggjafarþing, 699. mál

Með tölvupósti dags. 15. apríl 2021 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp. Seðlabankinn styður framgang frumvarpsins en telur ástæðu til að koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri við nefndina.

Í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um óhæði stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða frá móðurfélagi og segir í öðrum málslíð að „stjórnarmaður rekstrarfélags megi ekki vera stjórnarmaður eða lykilstarfsmaður móðurfélags rekstrarfélagsins“. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins gilda ákvæði 52. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem við á, um hæfi stjórnenda rekstrarfélaga. Það þýðir að meginreglan er sú að stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila. Ef ákvæðið verður óbreytt kann það að takmarka möguleika móðurfélags á að uppfylla kröfur um ábyrgð á stjórnarháttum í samstæðu um of. Er því lagt til að fallið verði frá hluta 2. ml. 2. mgr. 15. gr. þannig að ákvæðið verði svohljóðandi:

Stjórnarmaður rekstrarfélags má ekki vera stjórnarmaður eða starfsmaður vörsluaðila sjóða í rekstri rekstrarfélags.

Í 5. mgr. 100. gr. segir að Fjármálaeftirlitið sendi lögbærum eftirlitsaðila tiltekin gögn, þ.á m. „staðfestingu“ Fjármálaeftirlitsins á að verðbréfasjóðurinn uppfylli skilyrði fyrir markaðssetningu í gistiríkinu. Óheppilegt er að nota orðið „staðfesting“ í ákvæðinu, enda hefur það hugtak sérstaka þýðingu í frumvarpinu og kann það að valda misskilningi að nota hugtakið líka í almennum skilningi orðsins. Því er lagt til að í stað orðsins „staðfestingu“ verði notað orðið „yfirlýsing“.

Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. gildir 1. mgr. 103. gr. einnig um starfsemi svissneskra og færeyskra verðbréfasjóða. Eftir gildistöku laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, er svissneskum og færeyskum sjóðum heimilt skv. 65. gr. laganna að markaðssetja sérhæfða sjóði til almennra fjárfesta hér á landi að uppfylltum

skilyrðum ákvæðisins. Rekstraraðilum svissneskra og færeyskra sjóða ber því að sækja um heimild til starfsemi hér á landi á grundvelli laga nr. 45/2020. Er því lagt til að ákvæði 2. mgr. 103. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Í 4. mgr. 109. gr. er fjallað um lok kyrrsetningar. Samkvæmt 1. tl. 3. mgr. 109. gr. er um að ræða kyrrsetningu sem Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir liggja fyrir rökstuddur grunur um að brotið hafi verið gegn lögnum, reglugerðum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Hér er því ekki um að ræða mál þar sem aðili hefur fengið stöðu sakbornings í sakamáli. Af þeirri ástæðu er lagt til að í stað orðanna “sakborningur” í ákvæði 3. og 4. ml. 4. mgr. 109. gr. komi “gerðarþoli”.

Í 10. mgr. 109. gr. segir að „berist Fjármálaeftirlitinu sem lögbæru yfirvaldi í heimaríki...“ Rétt er að taka fram að við sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins fluttust öll verkefni þess síðari til Seðlabankans. Tilvísanir til „Fjármálaeftirlitsins“ eru því eingöngu tilvísanir til eftirlitsstarfsemi Seðlabankans sem honum er lögum samkvæmt falið að sinna en ekki tilgreining á stofnun. Tilgreiningin á lögbæru yfirvaldi/stjórnvaldi hefur bæði þýðingu gagnvart markaðinum og eftirlitsskyldum aðilum og hins vegar gagnvart lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja og stofnunum EFTA og ESB. Því er lagt til að í stað orðanna „berist Fjármálaeftirlitinu“ komi „berist Seðlabanka Íslands“. Fjallað er um Fjármálaeftirlitið sem lögbært yfirvald á fleiri stöðum í frumvarpinu og telur Seðlabankinn rétt að farið verði yfir það með þetta í huga.

Lagt er til að 2. ml. j - liðs 1. tl. 1. mgr. 137. gr. ákvæðisins orðist svohljóðandi (hér eiga sömu röksemdir við og í umfjöllun um 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins hér að ofan):

Stjórnarmaður rekstraraðila sem rekur sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla má ekki vera í stjórn eða starfsmaður vörsluaðila sjóðanna.


Í 64. gr. laga nr. 45/2020 er fjallað um markaðssetningu skráningarskyldra rekstraraðila og rekstraraðila utan EES á sérhæfðum sjóðum hér á landi. Samkvæmt 3. mgr. 64. gr. laganna getur Fjármálaeftirlitið skilyrt heimild til markaðssetningar skráðra rekstraraðila með staðfestu hér á landi til að markaðssetja til fagfjárfesta hér á landi sérhæfðan sjóð með staðfestu utan EES, til að tryggja fjárfestavernd. Mikilvægt er að Seðlabankinn hafi einnig skýra lagaheimild til að skilyrða heimild rekstraraðila með staðfestu utan Íslands til að markaðssetja sérhæfðan sjóð hér á landi til fagfjárfesta.


Þar af leiðandi er lagt til að svohljóðandi nýr stafliður bætist við 1. tl. 1. mgr. 137. gr. frumvarpsins:

Eftirfarandi breyting verður á 3. mgr. 64. gr. laganna:
Fjármálaeftirlitið getur skilyrt heimild til markaðssetningar skv. 1. og 2. mgr. til að tryggja fjárfestavernd.

Að lokum er bent á að til umsagnar hjá nefndinni er einnig frumvarp til laga um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. mál nr. 624. Samkvæmt því frumvarpi virðist enn gert ráð fyrir því að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða teljist fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Nauðsynlegt er að gera viðeigandi breytingar á frumvarpi til laga um markaði fyrir fjármálagerninga til að tryggja samkvæmni á milli laganna.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra


Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir